

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Föstudaginn 13. Apríl 2018.



6. fundur stjórnar VG, haldinn á Hallveigarstöðum og á fjarfundi.

Elín Oddný Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Mætt; Katrín Jakobsdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Una Hildardóttir, Daníel Arnarson og Ragnar Karl Jóhannsson. Á fjarfundi: Ingibjörg Þórðardóttir og Anna Guðrún Þórhallsdóttir. F.h. starfsfólks Björg Eva Erlendsdóttir, Anna Lísá Björnsdóttir og Hreindís Ylfa Garðarssdóttir Hólm. Fh. Sveitarstjórnarráðs Sóley Björk Stefánsdóttir. Fh. EVG: Þóra Elfa Björnsson. F.h UVG: Gyða Dröfn Hjaltadóttir (á fjarfundi).

Fundur settur kl. 16.05.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og hún samþykkt.
2. Staðan í undirbúningi sveitarstjórnarkosninga. Hreindís Ylfa miðlægur kosningastjóri fer yfir stöðuna á framkomnum framboðum fyrir sveitarstjórnarkosningar. Umræða um stöðuna á framboðsmálum. Farið yfir framlög til framboða í sveitarstjórnarkosningunum 2018.
3. Sveitarstjórnarráðstefna í Víkingaheimum í Reykjanesbæ laugardaginn 14. apríl. Hreindís Ylfa kynnir dagskrá og annað skipulag fundarins.

Bjarni Jónsson tekur sæti á fundinum kl. 16.30.

Hreindís Ylfa Garðarsdóttir Hólm yfirgefur fundinn kl. 16.38.

4. Drög að dagskrá sameiginlegs fundar stjórnar og þingflokks á Akureyri. Björg Eva fer yfir drög að dagskrá sameiginlegs fundar stjórnar og þingflokks sem verður á Akureyri föstudaginn 11. maí.
5. Hringferð varaformanns og þingmanna. Björg Eva greinir frá fyrirhugaðri hringferð varaformanns og þingmanna um landið. Endanleg dagskrá verður send út þegar hún liggur endanlega fyrir.

6. Fjárhagsstaðan, breytingar á fjárhagsáætlun.
Björg Eva kynnrir drög að uppfærðri fjárhagsáætlun vegna ársins 2018.
Umræður um hana.

Kolbeinn Óttarsson Proppé tekur sæti á fundinum kl. 17.02.

7. Vinna við endurskoðun laga um fjármál stjórnmalaflokka.
Björg Eva fer yfir vinnu við endurskoðun laga um fjármál stjórnmalflokka.
Áætlað er að vinnunni verði lokið í júní nk. Stjórn verður upplýst um stöðu mála.
8. Stjórnmalástandið.
Kolbeinn og Katrín fara yfir stöðuna í þinginu. Umræður um ríkisfjármálaáætlun eru í fullum gangi í þinginu. Nefndarvikur í næstu viku. Hlé verður gert á þingfundum tveimur vikum fyrir kosningar. Þing kemur svo saman að nýju að lokum kosningum. Umræður um stjórnmalástandið á þingi og út í samfélaginu.

Ingibjörg Sigurðardóttir vÍkur af fundi kl. 18.25.

9. Önnur mál.
 - a. Prómó dót – Sóley Björk Stefánsdóttir bendir á mikilvægi þess að huga að kynningardót sé ekki eitthvað einnota plastdrasl.
 - b. Miðlæg kosningastjórn – Daníel Haukur spyr hvort þörf sé á miðlægri kosningastjórn í sveitarstjórnarkosningar. Það hefur ekki verið hefðin. Sveitarstjórnarráð tekur málið upp á sínum fundi.

Næsti stjórnarfundur verður boðaður með dagskrá föstudaginn 11. maí 2018.

Fundi slitið kl. 18.35.